

**STJÓRNARFUNDUR HVERAVÖLLUM
MIÐVIKUDAGINN 12. ÁGÚST 2009 KL 13:30.**

Miðvikudaginn 12. ágúst kom stjórn SSNV saman til fundar á Hveravöllum. Tilgangur ferðarinnar þangað var m.a. að kynna sér aðstæður á Hveravöllum og ræða um framtíð staðarins. Mætt voru: Elín R. Líndal, Björn Magnússon, Héðinn Sigurðsson, Páll Dagbjartsson, Þórdís Friðbjörnsdóttir og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Elín R. Líndal setti fund og stjórnaði.

1. SSNV málefni fatlaðra

- a. **Rekstarniðurstaða 6. mán 2009.** Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
- b. **Bréf félags og tryggingaráðuneytisins dags 15. júlí 2009.** Lagt fram. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- c. **Fjárhagsáætlun SSNV málefna fatlaðra 2010.** Stjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti og vísar henni til afgreiðslu ársþings.

2. SSNV – atvinnuþróun

- a. **Rekstarniðurstaða 6. mán 2009.** Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.

3. SSNV

- a. **Rekstarniðurstaða 6. mán 2009.** Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóri skýrði einstaka liði.
- b. **Undirbúningur að gerð starfsáætlunar 2009-2010.** Rætt um gerð starfsáætlunar stjórnar SSNV. Framkvæmdastjóra falið að leggja drög að starfsáætlun vetrarins og leggja fyrir fyrsta fund stjórnar að loknu 17. ársþingi.
- c. **Fulltrúi stjórnar SSNV í Menningarráð Norðurlands vestra.** Tillaga kom fram um Elínu R. Líndal sem aðalmann Þórdísi Friðbjörnsdóttur sem varamann.. Samþykkt samhljóða.

4. Ársþing SSNV – Ályktanir. Farið yfir drög að ályktunum sem stjórn hyggst leggja fram á 17. Ársþingi. Framkvæmdastjóra falið að leggja lokahönd á drögin í samræmi við umræður og ábendingar á fundinum.

5. Bréf og fundargerðir

- a. **Lýðræðismál í sveitarfélögum og málþing 19. ágúst 2009.** Lagt fram til kynningar.
- b. **Tilkynning um aðalfund Eyþings 2009.** Lagt fram til kynningar.
- c. **Fundargerð 765. fundar Sambands Íslenskra sveitarfélaga.** Lagt fram til kynningar.

6. Erindi frá alþingi

- a. **Frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, 149. mál, persónukjör,** Nokkrar umræður urðu um frumvarpið. Afgreiðslu frestað.

7. Önnur mál.

Kynnisferð um svæðið á Hveravöllum. Farið var í kynnisferð um svæðið í fylgd staðarhaldara, Gunnars Guðjónssonar. Fram kom hjá Gunnari að s.l. sumar hefðu



um það bil 50 þúsund gestir haft viðkomu á Hveravöllum og þá ekki taldir þeir sem aðeins koma þar við og stoppa aðeins stutta stund. Hveravellir eru eitt af hliðum ferðamanna inná Norðurland og mikil tækifæri liggja þar ónýtt til uppbyggingar á sviði ferðaþjónustu, jafnt sumar sem vetur. Stjórn SSNV er einhuga um að nú þegar þurfi að gera stórátak til að bæta enn frekar þá aðstöðu sem þar er m.a þarf að gera ráðstafanir til að verja landsvæðið átroðningi þess mikla fjölda gesta sem þar kemur.

Stjórnin samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Stjórn SSNV hvetur til þess að þú þegar verði gert stórátak í framtíðaruppbyggingu aðstöðu til móttöku ferðamanna á Hveravöllum. Skorar stjórnin á ferðamálayfirvöld landsins að koma myndarlega að þessu verki með heimamönnum. Stjórn SSNV heitir stuðningi við verkefnið sem frekast má eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta verkefni þolir enga bið“.

**Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 16:00.
Jón Óskar Pétursson fundarritari**

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.